

Ársskýrsla Mannréttindaskrifstofu Íslands
Útgefandi: Mannréttindaskrifstofa Íslands

Prentun: Leturprent
Kápumynd: Logo Mannréttindaskrifstofu Íslands
Umbrot: Elín G. Einarsdóttir

© 2019 Mannréttindaskrifstofa Íslands

ISSN: 1670-8032

Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
AÐILDARFÉLÖG OG STJÓRN	3
Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn	3
FJÁRMÁL OG REKSTUR	4
Fjármál	4
Starfsmannamál og skrifstofuhald	4
Húsnæðismál	4
Bókasafnið	5
Heimasíða	5
STARFSEMIN INNANLANDS	6
Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur	6
Samstarfsverkefni	7
Samráðsfundir með stjórnvöldum	8
Aðstoð og upplýsingagjöf	8
Fundir, námskeið og aðrir viðburðir	8
Framlag til funda og málstofa	10
Mannréttindafræðsla	11
Ráðstefnur, málþing og fundir	11
ERLENT SAMSTARF	12
AHRI - The Association of Human Rights Institutes	12
Norrænt samstarf	14
Uppbyggingarsjóður EES	14
Erasmus	15
Landamærastofnun Evrópu - FRONTEX	16

INNGANGUR

framkvæmdastjóra



Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) var stofnuð á Þingvöllum þann 17. júní 1994 og er í dag samtök fimmtán félagasamtaka og stofnana sem vinna á einhvern hátt að mannréttindum. Tilgangur MRSÍ er að vinna að framgangi mannréttinda með því að veita upplýsingar um mannréttindamál og stuðla að fræðslu og rannsóknum. Skrifstofan gegnir einnig eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum sem felst í umsögnum um lagafrumvörp og skýrslugerð til eftirlitsnefndar Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið. Þá kemur Mannréttindaskrifstofan fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi, m.a. AHRI, samtökum mannréttindastofnana í Evrópu og í norrænu samstarfi, auk þátttöku í alþjóðasamtökum er vinna að ákveðnum málefnum, s.s. UNITED, FIDH og OP-ESCR. Utanríkisráðuneytið hefur enn fremur falið MRSÍ að sinna hlutverki tengiliðar og upplýsingagjafa við samtök, félög og stofnanir í ríkjum sem njóta styrkja úr Uppbyggingarsjóði EES, og samsvarandi/hliðstæðar íslenskar stofnanir, samtök og félög.

Af umsögnum MRSÍ um einstök lagafrumvörp sem og í skýrslum til ýmissa alþjóðastofnana um stöðu mannréttinda á Íslandi, má ráða afstöðu skrifstofunnar til mannréttindamála. Skrifstofan hefur engin tengsl við stjórnmalaflokka eða stefnur og tekur ekki afstöðu til einstakra mála nema þau snerti mannréttindi sérstaklega.

Helstu verkefni skrifstofunnar síðustu árin eru málþing um mannréttindi, fræðsla á ýmsum vettvangi, 16 daga átak gegn kynbundu ofbeldi, Evrópuvika gegn rasisma, lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur, að svara fyrirspurnum og erindum sem berast frá einstaklingum og stofnunum, innlendum og erlendum, skýrslugerð, umsagnir, útgáfa ritraðar og uppbygging og viðhald heimasíðu.

Meginþættir starfs skrifstofunnar fyrir utan hefðbundin verkefni á árinu 2019 voru verkefnið „Þekktu rétt þinn, þekking er vald“, lögfræðiráðgjöf fyrir réttindagæslumenn fatlaðs fólks samkvæmt samningi við Gæða- og eftirlitsstofnun á sviði félagsþjónustu og barnaverndar,

undirbúningur fyrir og þátttaka í ráðstefnunni Gender Equality - a key for economic and social development in Europe, þátttaka í Erasmus verkefninu „All4rights-humanrights“, undirbúningur fræðslumyndbanda fyrir innflytjendur og flóttamenn, auk þess að flytja erindi eða taka þátt í pallborðsumræðum á ýmsum málþingum og ráðstefnum.

Að vanda var unninn fjöldi umsagna um lagafrumvörp, fyrirlestrahald var nokkuð, m.a. um mismunun, hatursræðu og mannréttindi almennt. Skrifstofan skilaði inn viðbótarskýrslu til nefndarinnar sem starfar á grundvelli Samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar kynþáttamismununar og sat fyrir svörum í gegnum netspjall. Þá sat skrifstofan í ritstjórn, auk þess að leggja til efni í skýrslu til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, sem unnin var í samstarfi við ýmsa aðila. Skrifstofan svaraði á tímabilinu erindum frá alþjóðlegum samtökum og aðilum er starfa að mannréttindum erlendis og héraendis, frá sendiráði Bandaríkjanna, sendiherra ESB á Íslandi og almenningi. Enn fremur hefur MRSÍ skapað sér virðingu og traust fjölmiðla og er leitað til hennar þegar mannréttindamál eru til umfjöllunar. Áfram var unnið að uppbyggingu heimasíðu. Mannréttindaskrifstofan átti og sæti í Velferðarvaktinni, samráðshópi um mansal, samráðshópi um konur frið og öryggi, vinnuhópi um endurskoðun búsetuskerðinga, teymi um málefni flóttamanna og teymi um málefni innflytjenda svo eitthvað sé nefnt.

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra

AÐILDARFÉLÖG og stjórn

Aðildarfélag og fulltrúar í stjórn

Á aðalfundi 2019 var laus staða í framkvæmdastjórn þar sem Huguína Hjaltadóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Á aðalfundi 2018 var Ellen Calmon kosin stjórnarformaður til tveggja ára og sat hún áfram ásamt Daníel Hauki Arnarssyni sem tók við stöðu varaformanns. Margrét Pétursdóttir var kosin gjaldkeri framkvæmdastjórnar. Til kjörnefndar voru kosin Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, Einar Þór Jónsson og Áslaug Björgvinsdóttir.

Stjórn Mannréttindaskrifstofunnar er eftir aðalfund skipuð eftirfarandi fulltrúum aðildarféлага:

Amnesty International Íslandsdeild:

Aðalfulltrúi: Jóhanna K. Eyjólfsdóttir

Varafulltrúi: Anna Lúðvíksdóttir

Barnaheill:

Aðalfulltrúi: Áslaug Björgvinsdóttir

Varafulltrúi: Erna Reynisdóttir

Biskupsstofa:

Aðalfulltrúi: Ragnheiður Sverrisdóttir

Varafulltrúi: Arnór Bjarki Blomsterberg

Háskólinn á Akureyri:

Aðalfulltrúi: Ragnheiður Elva Þorsteinsdóttir

Varafulltrúi: Aðalheiður Ámundadóttir

Háskólinn í Reykjavík:

Aðalfulltrúi: Haukur Logi Karlsson

Varafulltrúi: Margrét Einarsdóttir

Hjálparstarf kirkjunnar:

Aðalfulltrúi: Kristín Ólafsdóttir

Varafulltrúi: Bjarni Gíslason

Jafnréttisstofa:

Aðalfulltrúi: Huguína R. Hjaltadóttir

Varafulltrúi: Tryggvi Hallgrímsson

Kvenréttindafélag Íslands:

Aðalfulltrúi: Ellen Calmon

Varafulltrúi: Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir

Landssamtökin Geðhjálp:

Aðalfulltrúi: Einar Þór Jónsson

Varafulltrúi: Áslaug Finnsdóttir

Landssamtökin Proskahjálp:

Aðalfulltrúi: Árni Múli Jónsson

Varafulltrúi: Bryndís Snæbjörnsdóttir

Rauði kross Íslands:

Aðalfulltrúi: Kristín Hjálmtýsdóttir

Varafulltrúi: Nína Helgadóttir

Samtökin '78:

Aðalfulltrúi: Daníel Haukur Arnarsson

Varafulltrúi: Þorbjörg Þorvaldsdóttir

Siðmennt - Félag siðrænna húmanista:

Aðalfulltrúi: Margrét Pétursdóttir

Varafulltrúi: Auður Sturludóttir

UN Women á Íslandi:

Aðalfulltrúi: Stella Samúelsdóttir

Varafulltrúi: Marta Goðadóttir

Öryrkjabandalag Íslands:

Aðalfulltrúi: Þuríður Harpa Sigurðardóttir

Varafulltrúi: Rúnar Björn Herrera

FJÁRMÁL og rekstur

Fjármál

Samstarfssamningur við dómsmálaráðuneyti var endurnýjaður til fjögurra ára í árslok og var fjárframlag til skrifstofunnar tvöfaldað. Þá var endurnýjaður samstarfssamningur við utanríkisráðuneyti til fjögurra ára og þjónustusamningur við félagsmálaráðuneyti um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur var endurnýjaður til eins árs. Í september var gerður samningur við Gæða- og eftirlitsstofnun á sviði félagsþjónustu og barnaverndar um lögfræðiráðgjöf fyrir réttindagæslumenn fatlaðs fólks. Aðrar tekjur skrifstofunnar eru fyrst og fremst vegna styrkja til sérgreindra verkefna.

Starfsmannamál og skrifstofuhald

Framkvæmdastýra MRSÍ er Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur. Elín G. Einarsdóttir lögfræðingur er hinn starfsmaður skrifstofunnar. Um bókhald skrifstofunnar sér Kolbrún Sigríður Hilmarsdóttir bókari. Að vanda barst fjöldi innlendra og erlendra starfsumsóknna og fyrirspurna um möguleika á starfsþjálfun. Á árinu 2019 voru 3 starfsmenn á skrifstofunni einn frá Íslandi, annar frá Bretlandi og sá þriðji frá Bandaríkjunum. Sökum breytinga á rými skrifstofunnar er óhentugra að taka við starfsmenum vegna plássleysis. Vonast er þó eftir að hægt verði að vinna úr því.



Framkvæmdastýra og stjórn MRSÍ þakka starfsfólki og aðstoðarfólki einstaklega vel unnin störf á árinu og ánægjulegt samstarf.

Húsnæðismál

Mannréttindaskrifstofan hefur haft aðsetur á Hallveigarstöðum, Túngötu 14, frá september 2010. Húsnæðið hentar starfsemi skrifstofunnar að öllu leyti afar vel. Framkvæmdastýra og starfsfólk hafa eigin skrifstofur, og fundaraðstaða er góð.

Hallveigarstaðir eru sjálfseignarstofnun í eigu Bandalags kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasambands Íslands og Kvenréttindafélags Íslands. Kvennasamtökin í landinu komu saman árið 1917, þegar Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað, og töldu konur þá nauðsynlegt að koma á laggirnar kvennaheimili fyrir kvennasamtök á landinu. Hallveigarstaðir eru fyrst og fremst aðsetur kvennasamtaka í landinu en að öðru leyti til styrktar menningar- og mannúðarstarfssemi, sem kvennasamtökin, þau er að eigninni standa, gangast fyrir.

Kvennaheimilið Hallveigarstaðir þar sem Mannréttindaskrifstofan er til húsa við Túngötu 14, 1. hæð í 101 Reykjavík.

Bæði staðsetning og aðgengi eru með besta móti og það fer mjög vel um starfsmenn skrifstofunnar enda húsnæðið rúmgott og bjart.

Bókasafnið

Þann 9. apríl 2015 afhenti MRSÍ Landbókasafni/ Þjóðarbókhöfðu bókasafn sitt að gjöf. Var það einkum gert í þeim tilgangi að það kæmi betur að notum þar sem afar lítið var um að leitað væri eftir bókum til útlána.

Heimasíða

Heimasíðu MRSÍ er ætlað að bæta og auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum um mannréttindamál. Árið 2014 var nýrri vefsíðu komið í upp og er efni hennar mun aðgengilegra en áður var. Slóðin er www.humanrights.is. Reglulega er bætt inn upplýsingum á heimasíðuna og uppfærðar þær upplýsingar sem þegar eru til staðar, s.s. á vefsetri um mannréttindi, en umsagnir skrifstofunnar til Alþingis og ráðuneyta eru settar jafnóðum inn á vefinn. Vefsetrið um mannréttindi inniheldur meðal annars greinar um ýmsa þætti mannréttinda, greinar um ákveðna samfélagshópa og réttindi þeirra, helstu alþjóðsamninga, efni frá Sameinuðu þjóðunum og dóma alþjóðlegra mannréttindadómstóla. Þá er einnig efni á síðunni úr alþjóðlega rannsóknarverkefninu Human Rights Education Project (HREP) auk almennra upplýsinga um mannréttindi á Íslandi og upplýsingasíður skrifstofunnar um 16 daga átak gegn kynbundu ofbeldi, Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, PROGRESS-verkefni fyrri ára, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Kvinnasáttmála Sp og vefleikinn Flóttu. Vefurinn er uppfærður eftir því sem kostur er og á síðu Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti er t.d. safnað saman ýmsu fræðslufni fyrir unglunga og börn um málaflokkinn.

Eftirfarandi rit eru aðgengileg á heimasíðu skrifstofunnar www.humanrights.is:

- Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna
- Kvinnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- Bann við mismunun
- Mannréttindi í þrengingum
- Réttindi transgender fólks á Íslandi
- Hatusorðræða: yfirlit yfir gildandi lög og reglur - ábendingar til framtíðar

Á síðunni er einnig að finna skýrslu um hatursræðu og kynjahyggju á netinu, sem MRSÍ vann í samstarfi við Mannréttindastofnun Danmerkur og Umboðsmann jafnréttis og mismununar í Noregi. Þar er einnig að finna leiðbeiningar á ensku um hvernig eigi að haga viðtölum við innflytjendur með menningarfærni að leiðarljósi. Leiðbeiningarnar voru unnar í tengslum við ERASMUS verkefnið Bridge Builders sem MRSÍ tók þátt í ásamt Law for Life í Bretlandi og AVIJED í Frakklandi. Á síðunni má einnig finna útdrátt á ensku úr skýrslunni um hatursræðu og bækling um hatursræðu, „Ekki í lagi;“ ætlaðan unglingum og ungu fólki.

Vefsíðan er að meginstefnu á íslensku en þó er mikið efni einnig aðgengilegt á ensku síðunni. Stefnt er að því að vera með upplýsingar um skrifstofuna og lögfræðiráðgjöfina á fleiri tungumálum, s.s. pólsku, spænsku og rússnesku, og mun það koma inn eins fljótt og auðið er.



STARFSEMIN

innanlands

Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. 149. löggjafarþing 2018 - 2019, Þingskjal nr. 550 - 409. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum (tjáningarfrelsi og þagnarskylda). 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 809 - 493. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þáttöku í íslensku samfélagi. 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 305 - 274. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (þrenging ákvæðis um hatursorðræðu). 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 896 - 543. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof (lenging fæðingarorlofs). 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 154 - 154. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögræðislögum (fyrirframgefin ákvarðanataka). 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 313 - 282. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun lögræðislaga. 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 53 - 53. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda. 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 273 - 255. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um þungunarrof. 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 393 - 521. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um Jafnréttissjóð Íslands, nr. 13/144. 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 1286 - 570. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um áform dómsmálaráðuneytis um lagasetningu til að koma á fót sjálfstæðri, innlendri mannréttindastofnun.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um kynrænt sjálfræði. 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 752 - 1184. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni). 149. löggjafarþing 2018 - 2019. Þingskjal nr. 126 - 126. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni). 150. löggjafarþing 2019 - 2020. Þingskjal nr. 123 - 123. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (réttur barna til dvalarleyfis). 150. löggjafarþing 2019 - 2020. Þingskjal nr. 94 - 94. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um heimild til að greiða bætur vegna dóms Hæstaréttar nr. 521/2017. 150. löggjafarþing 2019 - 2020. Þingskjal nr. 184 - 183. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um markvissa fræðslu um kynjafræði, kynfrelsi og sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum. 150. löggjafarþing 2019 - 2020. Þingskjal nr. 165 - 165. mál.



Samstarfsverkefni

Bjarmahlíð

Mannréttindaskrifstofa Íslands kom að stofnun nýrrar þolendamiðstöðvar á Akureyri. Miðstöðin var nefnd Bjarmahlíð og tók hún til starfa þann 10. maí 2019, en um er að ræða samstarfsverkefni Akureyrarbæjar, dómsmálaráðuneytisins, félagsmálaráðuneytisins, Háskólans á Akureyri, Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, Lögreglunnar á Norðurlandi Eystra, Sjúkrahúsins á Akureyri, Afslins, Samtaka um kvennaathvarf, Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Bjarmahlíð er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis og er markmið hennar að veita stuðning og ráðgjöf ásamt fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis, auk þess að gefa skýr skilaboð um að ofbeldi verði ekki liðið. Hlutverk skrifstofunnar innan Bjarmahlíðar er að veita lögfræðiráðgjöf ásamt Kvennaráðgjöfinni en hún stendur skjólstæðingum Bjarmahlíðar til boða eftir þörfum. Þjónustan hefur farið vel af stað og má sjá að vöntun var á úrræði sem þessu.

Bjarkarhlíð

Mannréttindaskrifstofa Íslands hélt áfram að veita þeim sem leituðu til Bjarkarhlíðar lögfræðiráðgjöf. Gríðarleg aukning hefur verið á milli ára og voru viðtöl sem bókuð voru í lögfræðiráðgjöf 145 talsins árið 2019 en af þeim var mætt í 130 viðtöl, sem er ca. 90% mæting.

Mímir símenntun

MRSÍ tók við tveimur atvinnulausum innflytjendum í starfsþjálfun sem voru á virkinnámskeiðum hjá Mími. Markmiðið var að auka sjálfstraust einstaklinganna og þjálfa þá í atvinnuleit auk þess að kynna þeim nýja möguleika varðandi starfsval.



Bjarmahlíð - miðstöð fyrir þolendur ofbeldis
Bjarmahlíð er staðsett í snotru húsi við Aðalstræti 14 á Akureyri. Það starf sem þar er unnið er nauðsynleg viðbót þar í bæ.

Samráðsfundir með stjórnvöldum

Framkvæmdastýra var á árinu 2019 fulltrúi MRSÍ í ýmsum nefndum og vinnuhópum sem starfa á vegum ríkisins. Má þar nefna Velferðarvaktina og sárafatæktarhóp hennar, starfshópi IV um endurskoðun ákvæða jafnréttis laga er taka til mismununar á grundvelli kyns, samráðshóp um aðgerðir gegn mansali og annarri hagnýtingu og vinnuhóp um forvarnir gegn mansali, vinnuhóp um lokað úrræði fyrir útlendinga, sérfræðingahóp MARK og ályktunar 1325 o.fl.

Mannréttindaskrifstofan tekur einnig þátt í samstarfi um Bjarkarhlíð og Bjarmahlíð, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis og á sæti í stjórn beggja og framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar.

Framkvæmdastýra situr einnig í teymi um málefni innflytjenda, teymi um málefni flóttamanna, vinnuhópi um endurskoðun búsetuskerðinga og tengslaneti umboðsmanns barna.

Aðstoð og upplýsingagjöf

Að vanda var mikið leitað til skrifstofunnar af einstaklingum, nemum, sendiráðum, fjölmiðlum og stofnunum eftir upplýsingum um mannréttindamál. Má þar nefna að bandaríska sendiráðið óskaði upplýsinga um stöðu mannréttinda hér á landi og stöðu og aðgerðir í mansalsmálum sem og að sendiherra ESB á Íslandi átti fund með framkvæmdastýru um stöðu mannréttindamála hér á landi. Þá fengu nemar í félagsráðgjöf við Hí sem og þýskir félagsráðgjafarnemar, fræðslu um störf skrifstofunnar og stöðu mannréttindamála hér á landi. Framkvæmdastjóri Atlantic Human Rights Centre í New Brunswick, Kanada heimsótti skrifstofuna einnig og er framkvæmdastýra MRSÍ nú einn af ráðgefandi sérfræðingum stofnunarinnar.

Fundir, námskeið og aðrir viðburðir


16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

MRSÍ hélt utan um 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi líkt og síðustu ár og tók þátt í framkvæmd og skipulagningu þess. Átakið er alþjóðlegt átak gegn kynbundnu ofbeldi sem rekja má aftur til ársins 1991. Stendur átakið yfir frá 25. nóvember, alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags. Var tímabil þetta valið til að tengja á táknaðan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Markmið átaksins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis.

Í ár var yfirskrift átaksins að stöðva kynbundið ofbeldi á vinnumarkaðnum. Ýmsir viðburðir voru skipulagðir víðs vegar um land, þar á meðal dagleg greinarskrif sem birtust á www.frettabladid.is og sumar einnig í prentaðri útgáfu blaðsins. Þá var árleg ljósaganga UN Women á sínum stað, tónlistarmaðurinn AUÐUR hélt góðgerðartónleika og rann allur ágóði seldra miða til verkefna UN Women í Malaví sem vinna að því að uppræta þvinguð barnahjónabönd. Stígamót héldu einnig hádegisfyrirlestra tengda kynbundnu ofbeldi.

Allar almennar upplýsingar um 16 daga átakið sem og átak síðustu ára má finna á heimasíðu MRSÍ, www.humanrights.is og á facebook síðu átaksins, www.facebook.com/16dagar.





Evrópuvika gegn kynþáttamísrétti

Evrópuvika gegn kynþáttamísrétti var haldin að vanda dagana 17. - 25. mars 2019, með viðburðum um gjörvalla Evrópu. Yfirskrift vikunnar í ár líkt og síðastu ár var „Hönd í hönd“ og er hönnuður vörumerkisins Arna Rún Gústafsdóttir. Líkt og fyrri ár hélt MRSÍ utan um skipulagningu vikunnar í samstarfi við ýmis félagasamtök víðsvegar um landið. Meðal annars tóku Rauði Kross Íslands, Bandalag íslenskra skáta og Ungliðahreyfing Rauða Krossins þátt í Evrópuviku.

Markmið verkefnisins var sem endranær að fræða ungmenni um kynþáttamísrétti og einnig að fræða þau um hvernig þau geti upplýst aðra um hinar ýmsu hliðar kynþáttamísréttis, hvernig sporna megi við því, o.s.frv.

Auk þess að fræðast um kynþáttarmísrétti tókust nemendur og starfsfólk í yfir 20 leik- og grunnskólum um land allt, hönd í hönd í kringum skólabyggingar sínar til að sýna samstöðu með margbreytileikanum. Þá tóku ýmsar stofnanir og félagasamtök þátt í ár. Þetta er verkefni sem hóf göngu sína 2015 í tengslum við átakið og ætlunin er að halda því gangandi um ókomin ár.

Jafnframt skrifuðu ungmenni persónuleg póstkort sem send voru til handahófsvalinna Íslendinga líkt og verið hefur síðustu ár. Skilaboðin voru skrifuð sem hvatning til samstöðu gegn kynþáttafordómum og var viðtakendum boðið að taka þátt í þeirri samstöðu með því að taka mynd af sér með skilaboðunum undir millumerkinu #hondihond.



Hér sjáum við grunnskóla Hornafjarðar takast hönd í hönd sem tákni um samstöðu gegn kynþáttamísrétti.

Framlag til funda og málstofa

Framkvæmdastýra MRSÍ hélt ýmis fræðsluerindi á liðnu ári svo sem fyrir lögglumenn, í endurmenntun og forvarnarfræðslu í Hinu húsinu. Þá tók skrifstofan einnig þátt í erindum og fundum eftir því sem hér segir:

Jafnrétti til útflutnings

Dagana 31. október - 1. nóvember var haldin Jafnréttisráðstefna og var yfirskrift hennar Jafnrétti til útflutnings eða Gender Equality - A key for economic and social development in Europe and beyond. Fór hún fram í Hellisheiðavirkjun og Veröld - húsi Vigdísar. Um 120 þátttakendur sóttu ráðstefnuna frá 20 ríkjum. Utanríkisráðuneytið efndi til ráðstefnunnar í samvinnu við Uppbyggingarsjóð EES, Portúgal og Noreg og var MRSÍ þátttakandi í undirbúningi hennar í ljósi hlutverks skrifstofunnar sem tengiliðar við frjáls félagasamtök í styrkþegarríkjunum og á Íslandi. Ætlunin var að kynna hvað íslensk samtök og stofnanir hefðu upp á að bjóða, þ.e. hvaða leiðir hefðu verið farnar og hvaða aðferðir þróaðar sem skilað hefðu árangri í jafnréttisbaráttunni hér á landi og gætu nýst styrkþegum Uppbyggingarsjóðs EES. Margir frábærir framsögumenn héldu erindi og var Vigdís Finnbogadóttir heiðursgestur ráðstefnunnar. Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra, sat í panel á ráðstefnunni.



Hennar rödd

Viðburðurinn Hennar rödd var haldinn í fyrsta skipti á Kex hostel þann 7. mars 2019, í tengslum við alþjóðlega kvennadaginn 8. mars. Um var að ræða viðburð í formi pallborðsumræðna kvenna af erlendum uppruna á Íslandi með með það að leiðarljósi að gefa þeim tækifæri til að deila upplifun sinni af íslensku samfélagi.

Konur af erlendum uppruna eru sívaxandi hópur á Íslandi af ýmsum ástæðum meðal annars vegna fjölskyldusameiningar, tækifæra, aukinnar þarfar á vinnuafli og aukins flæðis fólks frá stríðshrjáðum löndum. Þær skipa stóran sess í íslensku samfélagi og mikilvægt er að raddir þeirra heyrist.

Meðal umræðuefna á viðburðinum voru tengsl erlendra kvenna við íslensk stjórnsmál, aðgengi að upplýsingum um réttindi, tungumálaörðugleikar og sýnileiki þeirra á opinberum vettvangi. Elínborg Kolbeinsdóttir, fyrrum starfsnemi MRSÍ, var einn af viðburðarhöldurum og var skrifstofan einn þeirra aðila sem að honum stóðu. Vel heppnaður viðburður sem mun án efa vera kominn til að vera.

Málþing um réttindi flóttafólks

Í ágúst hélt framkvæmdastýra MRSÍ erindi á málþingi um réttindi flóttamanna. Fjallaði erindið um almenn réttindi á Íslandi, aðlögun að vinnumarkaðinum auk almennrar fræðslu um störf skrifstofunnar.

Jafnrétti til útflutnings

Áhugaverðar panelumræður fóru fram á milli Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur, Tryggva Hallgrímssonar, Mörту Silva og Margrétar Steinarsdóttur.

Mannréttindi og hlutverk smærri ríkja á alþjóðavettvangi

Í tilefni af alþjóðlega mannréttindadeginum þann 10. desember var haldinn opinn fundur á vegum Alþjóðamálastofnunar, utanríkisráðuneytisins og MRSÍ þar sem meðal annars var velt fyrir sér hvort mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna standi undir nafni og hvernig megi helst standa vörð um mannréttindi og draga til ábyrgðar þau ríki sem brjóta á mannréttindum þegna sinna.

Þar fóru einnig fram umræður um mikilvægi þess að alþjóðasamfélagið standi vörð um mannréttindi og hvernig smærri ríki geti látið til sín taka á þeim vettvangi.

Guðlaugur Þór Þórðarsson, utanríkisráðherra, opnaði fundinn og fylgdi honum fjöldi frábærra fyrirlesara.

Málþing um mannréttindi á Filippseyjum

Í september var haldin neyðarráðstefna um mannréttindabrot sem framin eru á Filippseyjum. Meginmarkmið ráðstefnunnar var að skipuleggja þrýsting á ríkisstjórn Rodrigo Duterte, forseta Filippseyja, til að gangast við þeim alþjóða skuldbindingum er lúta að mannréttindum sem Filippseyjar eru nú þegar aðilar að. Skuldbindingar sem innihalda rétt fulltrúa mannréttindastofnanna til að rannsaka brot á mannréttindum á Filippseyjum.

Með ráðstefnunni var jafnframt ætlað að sköpuð yrðu tækifæri til samræðu á milli aðila sem vinna í þágu mannréttinda á Íslandi og Filippseyjum sem og á alþjóðavettvangi um hið síversnandi ástand á Filippseyjum.

Framkvæmdastýra MRSÍ hélt erindi á ráðstefnunni um mannréttindabrot á Filippseyjum og ályktun þá sem Ísland stóð fyrir í Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna um framgang og vernd mannréttinda á Filippseyjum.

Ég er enn ég! - mannréttindi fólks með heilabilun

Þann 21. september héldu Alzheimersamtökin málþing í tilefni að alþjóðlega Alzheimerdeginum sem bar yfirskriftina Ég er enn ég! - mannréttindi fólks með heilabilun.

Framkvæmdastýra MRSÍ hélt þar erindi og fjallaði um réttindi heilabilaðra.

Mannréttindafræðsla

Mannréttindaskrifstofan var m.a. með fræðslu um hatursræðu, löggjöf um innflytjendur, mismunun, mansal og mannréttindi fyrir ýmsa hópa, vinnustaði og stofnanir. Enn fremur tók skrifstofan á móti erlendum aðilum sem óskuðu fræðslu um starfsemi skrifstofunnar. Má þar nefna, auk félagsráðgjafarnemanna sem nefndir voru hér að framan, hópa frá Rúmeníu og Búlgaríu.

Ráðstefnur, málþing og fundir

Á árinu sátu starfsmenn MRSÍ hina ýmsu fundi, ráðstefnur og málþing, allt í þeim tilgangi að auka þekkingu og miðla reynslu þeirra sérfræðinga sem á skrifstofunni starfa. Má þar nefna: Vinnustofur um samning Sameinuðu þjóðanna sem Öryrkjabandalagið stóð fyrir um réttindi fatlaðs fólks, ráðstefnu sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík um ofbeldi í íþróttum, málþing um stafrænt ofbeldi á vegum Háskólans í Reykjavík og stýrihóps um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðisofbeldi, fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Committee on the Status of Women) sem haldinn var í New York í höfuðstöðvum SP, málþing Öryrkjabandalagsins með yfirskriftinni: Eru öryrkjar fólkið með breiðu bökin?, málþing kvannahreyfingar Öryrkjabandalagsins sem haldið var 3. apríl, ráðstefnu Landssambands þroskahjalpar um fötluð börn með innflytjendabakgrunn, fundi sýslumanns um mögulega breytingu á sáttarmeðferð í skilnaðarmálum, ráðstefnunni Allskonar störf fyrir allskonar fólk, ME TOO ráðstefnuna í Hörpu, Ráðstefnu í byrjun október um málefni barna og ungmenna, málstofur á Lagadegi Lögmannafélagsins tengdar réttindamálum og málþing um forvarnir og fræðslu um kynbundið ofbeldi og áreitni sem haldið var einnig í október. Ekki er um tæmandi talningu að ræða.

ERLENT samstarf

MRSÍ er meðlimur í samtökum mannréttindastofnana á Norðurlöndum, samtökum mannréttindastofnana (AHRI) og samtökum er berjast fyrir framgangi viðauka við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi um kæruleið fyrir einstaklinga. Skrifstofan er meðlimur í UNITED samtökunum er berjast gegn kynþáttamisrétti og einnig í ESC-net sem vinnur að framgangi efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Þá er skrifstofan meðlimur í FIDH, alþjóðlegum samtökum er vinna að mannréttindum á breiðum grunni.

The Association of Human Rights Institutes (AHRI)

MRSÍ er einn af stofnendum AHRI og var þáverandi framkvæmdastýra MRSÍ fyrsti stjórnarformaður samtakanna.

Stjórnarformaður AHRI er Dr Thomas Gammeltoft-Hansen, forstöðumaður rannsóknardeildar dönsku mannréttindastofnunninnar.

Eftirfarandi 50 stofnanir eiga nú aðild að AHRI:

1. Belgrade Centre for Human Rights, Serbíu
2. Centre for Human Rights, University of Pretoria, Suður Afríku
3. Human Rights Consortium, School of Advanced Study, University of London, Bretlandi
4. Centre for the Study of Global Ethics, University of Birmingham, Bretlandi
5. Centre for the Study of Human Rights, London School of Economics and Political Science, Bretlandi
6. Chr. Michelsen Institute, Noregi
7. Danish Institute for Human Rights, Danmörku
8. Erik Castrén Institute of International Law and Human Rights, University of Helsinki, Finnlandi
9. European Inter-University Centre for Human Rights and Democratisation, Venice-Lido, Ítalíu
10. European Training- and Research Centre for Human Rights and Democracy, Graz, Austurríki
11. German Institute for Human Rights, Þýskalandi
12. Human Rights and Globalization Research Group, University of Seville, Spáni
13. Human Rights and Social Justice Research Institute, London Metropolitan University, Bretlandi
14. Human Rights Centre, University of Essex, Bretlandi
15. Human Rights Centre, Queen's University, Belfast, Northern Ireland, Bretlandi

Mannréttindaskrifstofa Íslands er m.a. meðlimur á breiðum grunni, og AHRI - the Association of Human Rights Institutes, en skrifstofan er einnig einn stofnenda UNITED samtakanna sem berjast gegn kynþáttamisrétti, FIDH, alþjóðlegra samtaka sem vinna að mannréttindum þeirra samtaka.



16. Human Rights Law Centre, University of Nottingham School of Law, Bretlandi
17. UNESCO Chair in Human Rights, University of Luxembourg, Lúxemborg
18. Human Rights Programme at the University of Sydney, Ástralíu
19. Newcastle Forum for Human Rights and Social Justice, Newcastle Law School, University of Newcastle, Bretlandi
20. Mannréttindaskrifstofa Íslands, Íslandi
21. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Íslandi
22. Institute for Human Rights, Åbo Akademi University, Finlandi
23. Institute of Human Rights, Catholic University of Leuven, Belgíu
24. Institute of Human Rights, University of Latvia, Lettlandi
25. Interdepartmental Centre on Human Rights and the Rights of Peoples, University of Padua, Ítalíu
26. Irish Centre for Human Rights, National University of Ireland, Galway, Írlandi
27. Ludwig Boltzmann Institute of Human Rights, Austurríki
28. Maastricht Centre for Human Rights, Maastricht University, Faculty of Law, Hollandi
29. Netherlands Institute of Human Rights (SIM), University of Utrecht, Hollandi
30. Norwegian Centre for Human Rights, University of Oslo, Noregi
31. Pedro Arrupe Institute of Human Rights, University of Deusto, Bilbao, Spáni
32. Poznan Centre for Human Rights, Polish Academy of Sciences, Póllandi
33. Raoul Wallenberg Institute of Human Rights and Humanitarian Law, Lund, Svíþjóð
34. Swiss Centre of Expertise in Human Rights, Bern, Sviss
35. The Research Group Law and Development, University of Antwerpen, Belgíu
36. Riga Graduate School of Law, Lettlandi
37. Transitional Justice Institute, University of Ulster, Jordanstown/Magee, Bretlandi
38. University of Zürich Competence Centre for Human Rights, Sviss
39. Crucible Centre for Human Rights, Roehampton University, Bretlandi
40. Czech Center for Human Rights and Democratization (CCHRD), Tékklandi
41. The Human Rights Program of the Legal la e Department, Central European University, Ungverjalandi
42. Centre for the Study of Human Rights Law, the University of Strathclyde, Bretlandi
43. Human Rights Implementation Centre, The University of Bristol, Bretlandi
44. Centre for Human Rights, Ghent University, Belgíu
45. Leuven Centre for Global Governance Studies, K.U. Leuven, Belgíu
46. The Centre on Human Rights in Conflict, University of East London, Bretlandi
47. School of Global Studies, Univeristy of Gothenburg, Svíþjóð
48. Research Centre Human Rights, University of Vienna, Austurríki
49. Human Rights Centre, Durham Law School, Englandi
50. Human Rights Research and Education Centre,



AHRI

Norrænt samstarf

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum, sem áður nefndist Norræna rannsóknanetið, var formlega stofnaður í janúar 2002. Skólanum hefur tekist að festa sig vel í sessi undir ötulli forystu Martins Scheinin. Þar á að kortleggja rannsóknir, sem verið er að vinna að á Norðurlöndum á sviði mannréttinda og koma á fjögurra ára þverfaglegu doktorsnámi sem verði skipulega uppbyggt og strangar kröfur gerðar um vísindaleg vinnubrögð. Sérstök áhersla er lögð á norræn sjónarmið og norræn verkefni, en einnig alþjóðleg og þá sérstaklega verkefni sem tengja Norðurlönd umheiminum. MRSÍ er, ásamt níu öðrum félögum, meðeigandi skólans.

Uppbyggingarsjóður EES

Uppbyggingarsjóður EES (áður Þróunarsjóður EFTA) var stofnaður af EFTA ríkjum þremur, Íslandi, Noregi og Lichtenstein, í þeim tilgangi að vinna gegn efnahags- og félagslegum mismun í þeim ríkjum sem aðstoðina þiggja.

Eitt af markmiðunum með sjóðnum er að efla samvinnu og skapa tengsl milli ríkja Evrópu. Samstarf á milli landa færir öllum aðilum aukna þekkingu og kunnáttu, hvort sem um er að ræða styrkþega eða styrkveitanda. Því er sérstaklega hvatt til þess að samtök í styrkþega ríkinu leiti eftir því að finna sér samstarfsaðila í einu af styrkveitendaríkjunum þremur.

MRSÍ er tengiliður Íslands við frjáls félagasamtök í styrkþegaríkjunum sem leita íslenskra samstarfaðila og veitir samtökum jafnt í aðildarríkjum sem styrkþegaríkjum ráðgjöf og upplýsingar.

Undirbúningsfundur í Aþenu

Í janúar sótti formaður stjórnar MRSÍ undirbúningsfund í Aþenu vegna Uppbyggingarsjóðs EES.

Undirbúningsfundur í Portúgal

Starfsmaður MRSÍ sótti undirbúningsfund í Portúgal í maí. Um var að ræða svokallað „Matchmaking event“ þar sem áhersla er lögð á að tengja félagasamtök frá mismunandi löndum saman og ræða mögulega samvinnu.

Undirbúningsfundur í Litháen

Í október sótti starfsmaður MRSÍ „Matchmaking event“ í Litháen, líkt og í Portúgal var tilgangurinn að tengja saman félagasamtök með mögulega samvinnu í huga.



Erasmus

[All4rights.humanrights](https://www.all4rights.org/)

Í febrúar fór hópur á vegum MRSÍ til Puerto de la Cruz á Tenerife til að taka þátt í Erasmus verkefninu All4rights.humanrights. Um var að ræða ungmenna verkefni eða „Youth Exchange program“. Hópurinn samanstóð af fjórum einstaklingum á vegum skrifstofunnar og var markmið námskeiðisins að þjálfa einstaklinga sem vinna með ungu fólki, að fræða þau um mannréttindi með óformlegu námi.

Námskeiðið var afar gagnlegt og voru skipulag og uppsetning þess til fyrirmyndar. Utanumhald og samskipti af hálfu félagssamtakana á Tenerife var glæsilegt og fagmannlega unnið. Eftir námskeiðið var haldinn viðburður hér á landi í samstarfi við Stígamót og námskeið með ungmennaráði Reykhólahrepps þar sem aðferðir frá námskeiðinu voru nýttar.



All4rights.humanrights

Íslenski hópurinn bauð upp á alíslenska veislu þar sem boðið var upp á íslenskt sælgæti, hangikjöt og íslenskt áfengi, svo eitthvað sé nefnt.



Landamærostofnun Evrópu - FRONTEx

Óháð eftirlit með framkvæmd Alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra á frávísun umsækjenda um alþjóðlega vernd frá Íslandi

MRSÍ barst erindi frá Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra þar sem óskað var eftir því að skrifstofan tæki að sér hlutverk óháðs eftirlitsaðila (Human Rights Monitor) með framkvæmd frávísunar umsækjenda um alþjóðlega vernd hér á landi í þeim tilvikum sem Útlendingastofnun synjar umsókn. Aðgerðirnar eru framkvæmdar af íslensku lögreglunni, í samstarfi við FRONTEx (Landamærostofnun Evrópu), að beiðni Útlendingastofnunar og innanríkisráðuneytisins.

Fulltrúar MRSÍ fóru í heildina í tvær eftirlitsferðir á árinu 2019 og var í báðum tilvikum viðkomustaður Georgía og var notast við leiguvélar, af tilliti til hagsmuna gerðarpóla, í stað hefðbundinnar framkvæmdar sem hefði þýtt að fljúga í almennu áætlunarflugi með tilheyrandi millilendingum og öðrum óþægindum sem af því kynnu að hljóta.

Gengu ferðirnar vel fyrir sig og mun MRSÍ halda áfram að gegna þessu eftirlitshlutverki á nýju ári.

Óháð eftirlit fyrir FRONTEx "Pool of Monitors"

Starfsmaður MRSÍ hlaut þjálfun hjá FRONTEx, Landamærostofnun Evrópu, árið 2017 til að vera í svokölluðum "Pool of Monitors" fyrir Íslands hönd sem þýðir að þegar köll koma frá öðrum aðildarlöndum FRONTEx um að það vanti eftirlitsaðila í frávísunarferð á vegum þeirra þá sé möguleiki að bjóða fram hennar krafta. Árið 2019 fór eftirlitsaðili í tvær slíkar ferðir, báðar voru þær gerðar í samvinnu við Þýskaland og voru áfangastaðirnir Bosnía og Moldova í einni ferð og Rússland í annarri. Báðar ferðir fóru friðsamlega og vel fram.

